



Platforms for Ageing Community Engagement–Exchange and Enterprise

Staða starfseminnar:

Verið velkomin í sjötta tölublað fréttabréfsins. Öll þátttökusvæði hafa orðið fyrir áhrifum vegna COVID19 síðan síðasta tölublað var gefið út.

Takmarkanir hafa verið mismunandi eftir svæðum en vinna við verkefnið hefur haldið áfram og við höfum notað sýndarfundi og viðburði. Hins vegar þurfti að fresta fyrirhuguðum loka viðburðar í apríl. Við erum að endurskipuleggja þennan viðburð fyrir haustið.

Verkefninu hefur verið veitt framlenging og lýkur nú í mars 2021.

Hver er staðan núna?:

Áhersla er lögð á að tryggja að allar afurðir klárast og afhending þeirra sé lokið. Kynning verkefnisins er í gangi með nýju kynningarefni sem birt hefur verið og samstarf og sambönd þróuð áfram og viðhaldið. Miðað við árangur verkefnisins til þessa, vinna nú samstarfsaðilarnir að því að kanna sjálfbærni verkefnisins til lengri tíma litið.


Í þessu tölublaði:

Starfsemin auðkennd á þessu tímabili og áherslan lögð sérstaklega lögð á hvernig PLACE-EE hefur hjálpað þátttakendum í verkefninu á meðan COVID19 hefur staðið yfir.

Komandi dagsetningar:

Stefnt er að klára verkefnið og að opna skjalasafn um fjölbjódlega menningararfleifð í haust.

Kynningarmyndband á verkefninu



Nýtt kynningarefni:

PLACE-EE vann með Kavodfilms.co.uk við að hanna röð af nýju kynningarefni.

Þar má nefna:

- yfirlitsmyndband sem útskýrir og fjallar um markmið verkefnisins, samstarfsaðila, starfsemina og árangur til þessa.
- stuttar upplýsingar og staðreyndir varðandi verkefnið sem eru fáanlegar á netinu og einnig í prenti.
- Yfirlit í Powerpoint og Powerpoint sniðmati.

Við erum ánægð með þetta og þú getur fundið þau öll á vefsíðu okkar

<http://place-ee.interreg-npa.eu/>



Fjölbjóðlegt skjalasafn um menningarminjar - kemur bráðum!

Undanfarna mánuði hefur verið mikil umsvif við undirbúning og uppbyggingu skjalasafnsins. Við erum spennt yfir því að skjalasafnið er næstum því tilbúið að fara í loftið. Yfir 100 færslur sýna heillandi fræðslu og upplýsingar um menningararfleifð á landsbyggðinni. Aðferðafræðin hjá ungu fólki sem vinnur með eldra fólki til að ræða og búa til ítarlegar færslur er áhugaverð og skjalasafnið gefur nokkra innsýn í sambönd yngra og eldra fólks.

Í skjalasafninu eru myndbönd, ljósmyndir, tónlist, lög og sögur og þú getur leitað eftir svæðum, tungumálum og texta. Við hlökkum til að deila skjalasafninu með ykkur og þökkum öllum þátttakendum fyrir að taka þátt í verkefninu við að búa til svo einstakt og dýrmætt úrræði sem mun vekja áhuga ekki aðeins fyrir fólk sem býr á þáttökusvæðunum okkar, heldur um allan heim.

Ein færsla í skjalasafninu fjallar um sænska sparkið (mynd), (eða „sparkið“ á ensku) er enn vinsæl leið til að ferðast um í snjó á í Norður-Svíþjóð. Allir eldri borgararnir frá PLACE-EE vinnustofunni í Skellefteå muna eftir að hafa notað sparkið þegar þeir voru börn. En sumir þeirra telja að þeir séu ekki eins vinsælir og þeir voru einu sinni (hugsanlega vegna meiri hindrana á gangstéttum og vegum sem geta hindrað skauta).



Samstarfsaðilar PLACE-EE, þátttakendur og COVID19



PLACE-EE teymið í Limerick hefur sett fram frumkvæði sem kallast Limerick samfélag umhyggja samtenging. Liðið hefur útbúið yfir 1000 möppur sem hafa verið afhentir í pósti til að

aðstoða eldra fólk við að einbeita sér að jákvæðum hlutum. Í sendingunni sem innihéldu PLACE-EE möppu með upplýsingar um verkefnið. Þar á meðal önnur atriði eins og bókasafnsþjónustubæklinga, upplýsingar um Íþróttabandalög, bæklingar um fuglaskoðun á Írlandi, COVID upplýsingar, blómafræ, söngtexta, ljóð og upplýsingar um frjógunar upplýsingar á Írlandi. Una Breen, eldri borgari sem fékk pakka sagði: „Takk kærlega fyrir að hafa sent mér pakkann. Þetta var eins og jólamorgunn hérna, það voru svo margir nýtsamlegir hlutir og ég vissi ekki hvað ætlaði að koma úr pakkanum næst! ... Ég naut þess að læra um Place-EE verkefnið og mun fylgjast með skjalasafninu.

PLACE-EE teymið aðstoðaði Mary Cronin einn af Limericks PLACE-EE þátttakendum við að byrja á jafningjafræðslu og jafningjaspjallþjónustu sem kallast; náum til allra og höldum sambandi (e.Reaching Out, Staying Connected). Verkefninu var hleypt af stokkunum 20. apríl. Hingað til eru 28 einstaklingar að fá reglulega símtal frá eldri einstakling sem hringir, spjallar og hjálpar til við að drepa tímann. Þetta framtak var sett á laggirnar til að bregðast við beiðnum eldra fólks sem gáfu það til kynna að það hefði ekki talað við eða heyra í neinum í marga daga í senn og þessi þjónusta miðar að því að létta á þessum aðstæðum.

Mary Cronin Limerick



Limerick Care Pack



Á þeim tíma sem svo margir hafa misst fjölskyldu og vini vegna COVID19 getur verið erfitt að íhuga eða orða jákvæðar niðurstöður faraldursins. Í Fermanagh & Omagh höfum við hins vegar komist að því að eldra fólk hafa tekið gríðarlegt skref fram á við notkun á stafræn tækni. Eldra fólk sem áður hafði komið sér undan notkun stafrænna tækja hafa nú tekið upp þá líflínu sem tæknin hefur gefið þeim. Þeir sem aldrei höfðu ígrundað þörfina fyrir slíka tækni hafa fljótt lært hagnýtan/nauðsynlegan ávinning sem slík forrit geta boðið uppá, þar á meðal netbanka, verslun og myndsímtal hluti af forritum eins og Facebook og WhatsApp sem gerir þeim kleift að halda sambandi og tengingu við fjölskyld og vini.

„Stafræn tækni hefur gert mér kleift að vera í sambandi við ástvini, svo að þó ég væri einangruð var ég aldrei einn. Barnabarn mitt fæddist fyrir sjö vikum, þegar allt var lokað, og aðeins fyrir WhatsApp og Facebook hefði ég ekki séð hann eða deilt á þessari sérstöku fjölskyldu stund“ Desmond, Dromore.

Ég er duglegur lesandi, þannig að þegar útgöngubann tók gildi og ég var lokuð inni, og ég

átti aðeins sex bækur í húsinu, ákvað ég að ef ég ætlaði að komast í gegnum þessa lokun í einu lagi, yrði ég að læra á aðgengi að bókum stafrænt. Ég hafði áður hlaðið niður forriti sem heitir 'Overdrive' í símann minn, ég átti aðeins sex bækur í húsinu, ákvað ég að ef ég ætlaði að komast í gegnum þessa lokun í einu lagi, yrði ég að læra á aðgengi að bókum stafrænt. Ég hafði áður hlaðið niður forriti sem heitir 'Overdrive' í símann minn, 'Overdrive' er forrit í netbókasafni, en ég hafði aldrei notað það og það þurfti lokunina fyrir mig að fá loksins aðgang að því, nú gæti ég ekki verið án þess. Ellen, Gortin

Zoom fundur með Ellen, FODC



Aukning á fjarfundum gæti vel hafa breytt atvinnulífi fólks að eilífu, en það hefur einnig kynnt okkur nýtt tæki til að berjast gegn félagslegri einangrun eldra fólks, sérstaklega þeirra sem búa í dreifbýlustu hlutum samfélagsins. Fermanagh & Omagh héraðsráðið, í gegnum PLACE-EE verkefnið, er nú að ráðfæra sig í gegnum fjarfundi við eldra fólk víðsvegar um héraðið, þar sem er þörf, maður á mann kennslu um notkun á fjarfundabúnaði. Þetta tryggir og ýtir undir það að margt af eldra fólkinu okkar hefur kunnáttu og það sem er mikilvægara, er sjálfstraustið til að nota þetta tækifæri til að halda áfram að taka þátt og hafa samskipti við jafnaldra sína. Þegar samtalinu við fólk er lokið mun Fermanagh og Omagh héraðsráð PLACE-EE verkefnið ýta úr röð af félagslegri, afþreyingar-, fræðslu- og ráðgjöf byggða á svöruninni sem mun halda áfram að styðja, hvetja og efla félagsleg samskipti við eldra fólk.



FJARÐABYGGÐ

Fjarðabyggð PLACE-EE og fjölskyldusvið Fjarðabyggðar sóttu um sérstakt fjármagn frá íslenskum stjórnvöldum, í gegnum Heilbrigðisráðuneytið, vegna viðbótarverkefna í félagsstörfum fullorðinna fyrir sumarið 2020. Við munum nota þessa fjármuni til að auka umsvif, gera pop-upp viðburði og halda eldri samfélaginu virku í allt sumar. Vegna COVID-19 er það mjög mikilvægt að hefja félagsstarf eldri borgara að nýju, þar sem flestir aldraðir hafa verið í sjálfskipaðri einangrun. Fjarðabyggð vonar að PLACE-EE verkefnið og þessi viðbótarverkefni muni hjálpa til við að draga úr félagslegri einangrun eldri borgara og auka líðan þeirra.



**Skellefteå
kommun**

Heimsfaraldurinn COVID19 hefur haft augljós áhrif á vinnu PLACE-EE verkefnisins í Skellefteå. Í Svíþjóð höfum við haft minni takmarkanir á frelsi hins opinbera en í öðrum löndum, en hjúkrunarheimilin okkar og eldra fólk almennt hafa verið einangraðir til að forðast hættu á smiti. Þetta hefur gert það að verkum að þessi verkefnið sem við reyndum að taka á, svo sem einangrun og einmanaleiki, munu líklega aukast þar sem okkur hefur ekki tekist að halda áfram með brúum kynslóðarbilið verkefnið okkar.

Sem svar við þessari áskorun höfum við hugsað um hvað við getum gert raunhæft til að halda áfram að takast á við einmanaleika og einangrun hjá eldra fólki á þessum fordæmalausa tíma. Í stuttu máli, hvernig getum við haldið PLACE-EE verkefninu lifandi í Skellefteå á heimsfaraldri? Með því að nota tilraun frá nýlegu verkefni í Stokkhólm, ætlum við að skoða tæki með raddtækni AI á hjúkrunarheimilum okkar. Hugmyndin er sú að það að tala við gervigreind er líklega betra en engin samskipti. Við stefnum að því að halda utan um samstarfið á milli kynslóða á lífi með því að fá með okkur í lið unga atvinnuleitendur, en hlutverk þeirra verður að aðstoða við uppsetningu og tæknaðstoð. Við erum að skipuleggja fyrstu upphafsskræfin fyrir verkefnið eftir sumarið.

For further information
please contact us via:

Website: <http://place-ee.interreg-npa.eu/>

Facebook: [fb.me/placeeeNPA](https://www.facebook.com/placeeeNPA)

Twitter: [@place_ee](https://twitter.com/place_ee)

Email: place-ee@ulster.ac.uk

☞ **Tölublað 7**, síðasta fréttablað PLACE-EE
verður aðgengilegt í **október 2020** ☞

PLACE_EE has been funded by



**Northern Periphery and
Arctic Programme**
2014–2020



EUROPEAN UNION

Investing in your future
European Regional Development Fund